

Fundargerð 82. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn föstudaginn 28. mars 2014 kl 11:00 að Stórhöfða 25

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Samúel Ingvason, Andrés Bjarnason, Jón Jóhannsson, Sævar Örn Kristjánsson, Gylfi Ingvarsson, Gunnar S. Gunnarsson og Samúel Jón Guðmundsson

Fjarverandi: Guðmundur Sigurvinsson, Guðmundur Helgi Þórarinsson og Þorsteinn Hjálmarsson

Dagskrá :

1. **Ársreikningar VM og undirskrift.** Formaður setti fundinn og bauð endurskoðandann okkar frá Ernst & Young velkominn. Hann fór yfir reikninga félagsins, rekstrarafkoman er svipuð á milli árána 2012 og 2013. Hann vakti athygli á nýjungum í skýrslunni eins og skýringu 10 um viðskipti á milli sjóða félagsins, og benti á nauðsynlegt væri að ramma betur inn reglur um þessi viðskipti. Að lokum voru reikningarnir undirritaðir.
2. **Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 81.** Fundargerð samþykkt og undirrituð
3. **Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála.**

Staðan í kjaramálum er svolítið í lausu lofti eins og er. Ekki væri ljóst hvað Rafís ætlaði að gera og Samiðn er alveg föst í sama farinu en það er alvega á hreinu að við förum fram á okkar forsendum. Umræður urðu um heimsókn forseta ASÍ á síðasta stjórnarfund og menn voru sammála um að hann væri ennþá fastur í sameinaðir launastefnu sem væri ekki gott.

Það er komið á hreint að umsjónarmaður orlofshúsa mun hætta um mánaðarmótin maí/júní. Búið er að auglýsa starfið og mikill fjöldi umsókna kominn.

Tímarit VM átti að fara í dreifingu í dag en fer ekki fyrr en á mánudag. Í blaðinu er m.a. áhugaverð grein um kennitölufلاك.

4. **Laga og reglugerðarbreytingar.** Kynntar voru lagabreytingarnar sem verða lagðar fram á aðalfundinum. Aðstoðarframkvæmdastjór ASÍ var fenginn til að lesa þetta yfir svo allt væri nú örugglega í lagi og var það hann sem kom með tillöguna um að færa kosningu varaformanns inn í 11 greinina. Tillaga kom um að taka út úr breytingunni á 14. tillögunni „á landsbyggðinni“ hafa bara tengiliðir. Skiptar skoðanir voru á þessu og að lokum ákveðið að breyta ekki. Lagabreytingarnar voru síðan samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

Önnur mál.

- Athugasemd kom frá stjórnarmanni sem sagði að eitthvað þyrfti að endurskoða með sjúkrasjóðinn. Hann tók dæmi með læknskostnað, á heimasíðunni stendur „*Heimilt er að greiða styrk vegna læknisþjónustu við sjóðfélaga. Hámark styrksins er kr. 40.000 á 12 mánaða tímabili en þó aldrei hærra en sem nemur 50% af kostnaði. Geðlækningar, sálfræðiþjónusta og laser falla einnig undir þennan lið*“ Þetta segir ekki að aðeins sé hægt að sækja um einu sinni á þessu 12 mánaða tímabili. Mikilvægt að fullt samræmi sé á milli reglugerðar og afgreiðslu mála. Málið verður skoðað..
 - Spurt var um samantektina varðandi upptalninguna á þeim nefndum og ráðum sem félagið skipar í eða á sæti í. Vonast er til að hægt verði að leggja það fram það fram á næsta stjórnarfund. Einnig var spurt um fundargerðir eins og t.d. orlofsnefndar. Ákveðið var að allar þessar fundargerðir ættu að vera aðgegnilegara á innri vef fyrir stjórnarmenn.
 - Óskaði eftir að þegar búið væri að fara yfir umsóknir og velja þá sem ætti að kalla í viðtal vegna stöðu umsjónarmanns orlofshúsa þá yrðu umsóknirnar sendar á orlofsnefndina.
 - Ábending kom frá stjórnarmanni varðandi fundargerðir, honum finnst þær ekki alltaf segja nógu mikið, þurfa að vera aðeins ýtarlegri. Reynt verður að verða við þessar ábendingu.
 - Varðandi fundargerðir og útsendingu á þeim þá verða stjórnarmenn samt að koma með ábendingar ef þeim finnst vanta eitthvað inn í fundargerðirnar. Ákveðið var að framvegis ber stjórnarmönnum að svar þegar þeir hafa lesið yfir fundargerð , hvort sem þeir eru með ábendingu eða ekki.
- Fundi slitið kl. 14:00